



## Stéttarfélag Vesturlands

Alþýðuhúsinu - Sæunnargötu 2a  
310 Borgarnes  
Sími: 430 0430 - Fax: 430 0431  
stettvest@stettvest.is  
www.stettvest.is

Félags- og

vinnumarkaðsráðuneyti

Síðumúla 24

108-Reykjavík

### Efni: Brotalamir í framkvæmd á móttöku flóttamanna

Fyrir hönd Stéttarfélags Vesturlands vill undirrituð lýsa ánægju yfir því að Ríkisstjórn Íslands skuli vilja taka á móti flóttafólki frá stríðshrjáðum löndum, m.a. frá Úkraínu. Allt sem lítur að því að sýna öðru fólki manngæsku og hjálpssemi fellur vel að hugsjónum verkalýðshreyfingarinnar. Við viljum gjarnan vera þátttakendur í því að leiðbeina þessum gestum okkar og greiða götu þeirra inn í íslenskt samfélag.

Starfsmenn félagsins sem sinna eftirliti á vinnustöðum og fá til sín gögn vegna þeirra einstaklinga úr þessum hópi, sem vilja starfa og afla sér tekna á íslenskum vinnumarkaði, hafa hins vegar rekist á að skort hefur á metnað þeirra sem taka á móti fólkinu. Við viljum með erindi þessu benda á nokkur atriði.

Sumir atvinnurekendur sem hafa verið að ráða fólk frá Úkraínu fullyrða að þeir hafi ekki verið upplýstir um að sækja þyrfti um atvinnuleyfi fyrir væntanlega starfsmenn. Þvert á móti væri fólki útveguð kennitala og dvalarleyfi og þar með væri allt í fínu standi.

#### Hver ber ábyrgð á þeim röngu skilaboðum?

Því er borið við að verið sé að gera stjórnvöldum greiða með því að taka „þetta fólk“ í vinnu. Víða hrökkva atvinnurekendur í gang þegar eftirlitsfulltrúar félagsins koma á vinnustaðinn. Við vitum dæmi þess að „ólöglegir“ starfsmenn eru faldir og eða þeim bent á að það séu þeir þ.e. starfsmennirnir sem eigi að sæta ábyrgð, ekki launagreiðandinn sem er í raun sá sem ekki sinnir hlutverki sínu. **Koma þarf í veg fyrir svona framkomu atvinnurekenda við starfsfólkið.**

Í ljós hefur komið að ungt fólk þ.e. undir 18 ára þarf ekki atvinnuleyfi á Íslandi, þrátt fyrir að vera borgarar sem ekki falla undir frjálsa för. Þarna er einhver undarleg brotalöm í kerfinu. Þeir sem eldri eru fara í gegnum umsóknarferli, þannig að stéttarfélag fær ráðningarsamning til skoðunar, þar með hafa þeir ákveðna vörn því félagið getur svo í framhaldinu fylgt því eftir að komið sé vel fram við starfsmanninn, þegar vitneskjan er um að hann starfi á vinnustaðnum.

#### Hver á að gæta að hagsmunum þeirra sem eru yngri en 18 ára?

Sem betur fer eru flestir atvinnurekendur á Íslandi heiðarlegir og koma vel fram við starfsfólk, en því miður er það ekki algilt. Því er nauðsynlegt að staðinn sé vörður um réttindi launafólks, ekki síst þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu. Skrifa mætti langa sögu um skort á vilja stjórnvalda til

að styrkja valdheimildir og leggja stéttarfélögum til verkfæri í baráttunni gegn illri meðferð á verkafólki og til að berjast gegn launaþjófnaði. Það er sorglegt hversu lítið gengur þar.


**Við eigum að berjast saman gegn launaþjófnaði og illri meðferð á verkafólki.**

Félagið telur að stjórnvöld sem koma að móttöku flóttamanna og umsjón með möguleika þeirra á að geta fótað sig íslensku samfélagi, hvort sem það er á vinnumarkaði eða í öðrum efnum, þurfi að girða sig í brók og standa betur að málum. Það væri t.d. ekki úr vegi að reka sérstaka einstaklingsmiðaða vinnumiðlun fyrir þá gesti okkar sem hafa komið frá Úkraínu, þar væri þess gætt að allir þeir þættir sem máli skipta s.s. atvinnuleyfi, ráðningarsamningar og leigusamningar væru í samræmi við lög og reglugerðir. Vitað væri hvar fólk væri í vinnu og hægt að rétta því hjálparhönd ef eitthvað bjátaði á. Ekki síst þarf að losa þessa gesti okkar við óttann sem yfirvöld vekja oft og eyða ranghugmyndum um stéttarfélög og lögreglu.

Starfsmenn Stéttarfélags Vesturlands eru að sjálfssögðu reiðubúnir til að koma að umræðu um hvernig gera má betur í þessum efnum.

Borgarnesi 7. september 2022

**fh Stéttarfélags Vesturlands**

  
Formaður

Samhljóða bréf sent á Mennta- og barnamálaráðuneyti

Afrit sent á:

Vinnumálastofnun

Rauða krossinn

Flóttamannanefnd

Alþýðusamband Íslands

Samtök atvinnulífsins